

Nd.

1161. Nefndarálit

[398. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir minni hl. með samþykkt þess en flytur breytingartillögu við 1. gr. frv.

Það er álit minni hl. að það yrði skólastarfi í grunnskólum landsins ekki til framdráttar ef þeir nemendur, sem nú hverfa úr skóla eftir 8. bekk, yrðu skyldaðir til að halda áfram námi sem þeir hafa engan áhuga á. Minni hl. telur að þeir nemendur, sem þannig yrðu þvingaðir til skólaveru, gætu skaðast verulega með slíkri ráðstöfun og e. t. v. gæti það komið í veg fyrir framhald í námi síðar meir.

Alþingi, 6. júní 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson,
fundaskr.

Ólafur Þ. Þórðarson,
frsm.